

Tilmæli	Tilmæli 12/2023
Tillaga	A 1929/UVN
Afgreiðsla	Norræna velferðarnefndin

## Nefndarálit um svar við tilmælum 12/2023 – Sameiginlegar aðgerðir á Norðurlöndum til að auka þekkingu til að koma í veg fyrir og berjast gegn morðum í nánum samböndum (A 1929/UVN)

Norræna velferðarnefndin leggur til að Norðurlandaráð aðhafist ekkert frekar vegna svars við tilmælum 12/2023 um sameiginlegar aðgerðir á Norðurlöndum til að auka þekkingu til að koma í veg fyrir og berjast gegn morðum í nánum samböndum og álfti *afgreiðslu þeirra lokið* af hálfu ráðsins.

### Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að hafin verði vinna til að tryggja samræmdar skilgreiningar og tölfræði um morð í nánum samböndum.

### Svar norrænu ríkisstjórnanna

Norðurlöndin hafa löngum verið í fararbroddi þegar kemur að jafnréttismálum. Engu að síður er ofbeldi þar sem aðilarnir eru eða hafa verið í nánu sambandi vandamál í öllum löndunum. Til þess að geta betur komið í veg fyrir ofbeldi í þess háttar samböndum og bjarga þar með mörgum mannlífum og hlífa fleirum við skelfilegum afleiðingum ofbeldis er þörf á þekkingu, meðal annars á umfangi ofbeldisins. Það á ekki síst við um banvænt ofbeldi.

Á Norðurlöndum eru teknar saman tölfræðiupplýsingar um umfang morða í nánum samböndum. Löndin skilgreina þessa tegund ofbeldis með ólíkum hætti og því eru tölfræðiupplýsingar þeirra ekki alveg samanburðarhæfar. Sambærileg skilgreining og sambærilegar tölfræðiupplýsingar um morð í nánum samböndum myndu auðvelda samanburð milli landanna. Það myndi þó hafa í för með sér að tímaröð þróunar myndi rofna í hverju landi um sig og ekki yrði hægt að fylgja þróuninni yfir lengri tíma. Mikilvægt er að geta fylgt þróuninni yfir lengri tíma, ekki síst til að sjá hvort



fyrirbyggjandi aðgerðir hafi tilætluð áhrif. Með hliðsjón af þessu hyggjast norrænu löndin ekki verða við tilmælunum.

*Norrænu ríkisstjórnirnar telja hér með að ekki sé unnt að verða við tilmælunum.*

## **Sjónarmið nefndarinnar**

Norræna velferðarnefndin þakkar ríkisstjórnunum fyrir svar við tilmælum 12/2023 um sameiginlegar aðgerðir á Norðurlöndum til að auka þekkingu til að koma í veg fyrir og berjast gegn morðum í nánum samböndum.

Að hafin verði vinna til að tryggja samræmdar skilgreiningar og tölfræði um morð í nánum samböndum. Hafin verði vinna til að tryggja samræmdar skilgreiningar og tölfræði um morð í nánum samböndum. Nefndin kallar eftir mati á því hvað í því felst að koma á samræmdum talnagögnum um morð í nánum samböndum og óskar eftir pólitísku samráði til að fá svar við því hvort slíkt sé mögulegt og hvað gera þurfi til að setja fram sambærileg talnagögn fyrir mismunandi svæði.

Nefndin telur að svar við tilmælum 13/20023 um sameiginlegar aðgerðir á Norðurlöndum til að auka þekkingu til að koma í veg fyrir og berjast gegn morðum í nánum samböndum sé ekki fullnægjandi og óskar eftir pólitísku samráði.

Þórshöfn, 8. apríl 2024

*Eva Lindh (S)*

*Anna-Kristiina Mikkonen (sd)*

*Kirsti Leirtrø (A)*

*Tone Wilhelmsen Trøen (H)*

*Anne Kristine Linnestad (Høyre)*

*Annette Holmberg-Jansson (MSÅ)*

*Johan Hultberg (M)*

*Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)*

*Johan Dahl (sb)*

*Kjerstin Wøyen Funderud (Sp)*

*Mikko Ollikainen (sv)*

*Mikkel Bjørn (DF)*

*Pia Sillanpää (saf)*

*Jette Gottlieb (EL)*

*Tobias Drevland Lund (Rødt)*